

Frumvarp til laga

um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Flm.: Jón Gunnarsson, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Ásmundur Friðriksson,
Njáll Trausti Friðbertsson, Óli Björn Kárason, Páll Magnússon, Vilhjálmur Árnason,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsson, Guðmundur Andri Thorsson,
Ólafur Ísleifsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Willum Þór Þórsson.

I. KAFLI Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að styðja við mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir félaga-
samtaka til almannaheilla og hvetja til þess að þau efli starfsemi sína eða bæti aðstöðu sína.
Undanþegin gildissviði laga þessara er mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir þar sem lög-
bundin starfsemi hins opinbera mun fara fram.

2. gr.

Endurgreiða skal félagasamtökum til almannaheilla fjárhæð sem nemur virðisaukaskatti
sem þau hafa greitt vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda sem miða að því að efla
starfsemi eða bæta aðstöðu samtakanna.

II. KAFLI Umsókn og skilyrði endurgreiðslu.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu byggingar- og framkvæmdakostnaðar skal send ríkisskattstjóra.
Endurgreiðslubeiðni ásamt fylgigögnum skal berast áður en framkvæmd hefst. Ríkisskatt-
stjóri skal taka ákvörðun um hvort skilyrði til endurgreiðslu sé uppfyllt innan 60 daga frá því
að öll gögn hafa borist.

4. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af byggingar- og framkvæmdakostnaði skal
eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

- að framkvæmd þjóni sannanlega þeim tilgangi að efla starfsemi félagasamtakanna eða
bæta aðstöðu þeirra,
- að fyrir liggja sundurliðuð kostnaðaráætlun og áætlun um fjármögnun,
- að fyrir liggja skrifleg staðfesting sveitarfélags um að viðkomandi framkvæmd falli ekki
undir lögbundnar skyldur sveitarfélaga,
- að endurskoðað kostnaðaruppgjör liggja fyrir að framkvæmd lokinni.

Sé skilyrðum 1. mgr. ekki fullnægt er heimilt að hafna endurgreiðslubeiðni eða eftir at-
vikum endurkrefja félagið um hana.

Verði breyting á áætluðum kostnaði, sbr. b-lið 1. mgr., eftir að framkvæmdir hefjast skal senda ríkisskattstjóra nýja kostnaðaráætlun.

III. KAFLI Endurgreiðsla.

5. gr.

Endurgreiðsla nemur fjárhæð virðisaukaskatts vegna mannvirkjagerðar eða annarra framkvæmda.

6. gr.

Ríkisskattstjóri ákvarðar endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Ákvörðun um endurgreiðslu skal byggjast á endurskoðuðu kostnaðaruppgjöri.

Eigi síðar en 12 mánuðum eftir verklok skal senda ríkisskattstjóra greinargerð með sundurliðun byggingarkostnaðar. Skal greinargerðin staðfest af löggiltum endurskoðanda og stjórn.

Endurgreiðsla fer fram að framkvæmd lokinni enda hafi ákvæði 2. mgr. verið uppfyllt. Frá endurgreiðslu skal draga vangreidda skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt lögum þessum er óháð því hvort félagasamtökin hafa fengið styrk frá sveitarfélagi eða öðrum aðila til framkvæmdarinnar.

IV. KAFLI Reglugerðarheimild og gildistaka.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara þar sem m.a. verði kveðið á um framkvæmd endurgreiðslna samkvæmt lögum þessum, heimildir ráðherra til að fresta endurgreiðslum sem kunna að vera umfram fjárveitingar Alþingis hverju sinni, skilyrði endurgreiðslna, umsóknir, afgreiðslu umsókna og ákvörðun um endurgreiðslu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 145. löggjafarþingi (896. mál) og aftur nokkuð breytt á 148. löggjafarþingi (599. mál) en náði ekki fram að ganga og er því endurflutt nú.

Markmið frumvarpsins er að styðja við og stuðla að uppbyggingu á vegum félagasamtaka til almannaheilla. Lagt er til að tekið verði upp sérstakt kerfi endurgreiðslna sem nemi virðisaukaskatti vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda á vegum félagasamtaka til almannaheilla. Endurgreiðsla er bundin því skilyrði að um sé að ræða framkvæmdir sem bæta aðstöðu viðkomandi félags. Endurgreiðsla getur aldrei orðið vegna framkvæmda þar sem lögbundin starfsemi hins opinbera mun fara fram.

Flest félög sem starfa að almannaheillum, svo sem björgunarsveitir og íþróttafélög, eru utan virðisaukaskattkerfisins og eiga því ekki möguleika á að fá endurgreiðslu innskatts vegna framkvæmda við mannvirkjagerð. Með endurgreiðslukerfi því sem hér er lagt til mundi ríkissjóður veita félagasamtökum til almannaheilla fjárhagslegan stuðning við að byggja upp aðstöðu fyrir starfsemi sína.

Stuðningurinn er gagnsær og einfaldur. Fordæmi fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts eru fyrir hendi, t.d. vegna kvikmyndagerðar og vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði.

Í frumvarpinu er lagt til að endurgreiddur verði sá kostnaður sem nemur virðisaukaskatti vegna mannvirkjagerðar eða annarra framkvæmda á vegum félagsamtaka til almannaheilla. Beiðni um endurgreiðslu verður að berast áður en framkvæmdir hefjast og verður metið hvort framkvæmd uppfylli skilyrði fyrir endurgreiðslu. Með umsókn skulu fylgja gögn, svo sem kostnaðaráætlun, sem gefi glögga mynd af umfangi verksins, hvernig fjármögnun verði hátt- að, staðfestingu fjármögnunaraðila o.fl. Einnig skal liggja fyrir skrifleg staðfesting viðkomandi sveitarfélags um að mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir falli ekki undir lögbundnar skyldur sveitarfélaga.

Telji ríkisskattstjóri viðkomandi framkvæmd falla undir skilyrði laganna gefur hann út vil-yrði til félagsamtakanna um endurgreiðslu. Félagasamtökum er skylt að tilkynna breytingar á kostnaðaráætlun og leggja fram endurskoðað kostnaðaruppgjör þar sem fram komi skipting kostnaðar. Þá er sú krafa gerð að eigi síðar en 12 mánuðum eftir að framkvæmd lýkur leggi félagsamtök, sem njóta endurgreiðslu virðisaukaskatts, fram sérstaka greinargerð með sundurliðun byggingarkostnaðar. Skal greinargerðin staðfest af löggiltum endurskoðanda og stjórn viðkomandi félagsamtaka. Endurgreiðsla getur ekki komið til framkvæmda fyrr en að loknum framkvæmdum og skilum á greinargerð um byggingarkostnað.